

1. Almennt:

Sæbýli rekstur ehf. (kt. 630421-0980), Ægisdaga 1, 240 Grindavík, sótti um nýtt rekstrarleyfi vegna 200 tonna hámarkslífmassa af sæeyrum til klak- og matfiskeldis þann 3. september 2021.

Fiskeldisstöðin er staðsett á landi með frárennsli í fráveitukerfi sveitarfélagsins og þaðan í sjó við Grindavík. Í rekstrarleyfum fiskeldisstöðva á landi er skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Sæbýli notast við SustainCycle eldiskerfi sem er sérhannað af fyrirtækinu. Kerfið er með 90% endurnýtingu á vatni í hringrásarkerfi. Eldiskerjum er raðað upp í rekka í húseigninni að Ægisdötu 1, Grindavík og fer frárennsli þessara kerja í endurnýtingakerfið. Af þessum sökum eru litlar líkur á að eldisdýr sleppi út í frárennsli stöðvarinnar.

Matvælastofnun staðfestir að öll gögn sem stofnuninni ber að óska eftir skv. 8 gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi og 12. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi hafi verið móttækin og þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 8. febrúar til 8. mars 2021 og engar athugasemdir bárust vegna tillögunnar. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér framkvæmdina og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til endurnýjunar rekstrarleyfis.

2. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Sæbýlis rekstur ehf. Rekstrarleyfið heimilur hámarkslífmassa 200 tonn til klak- og matfiskeldis á sæeyrum að Ægisdötu 1, 240 Grindavík.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga um fiskeldi og reglugerðar um fiskeldi.

Rekstrarleyfi tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir föngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Gildistaka rekstrarleyfis landeldisstöðvar er háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði sem staðsettur er í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur.

Samhliða útgáfu rekstrarleyfis þessa fellur 70 tonna rekstrarleyfi Sæbýlis ehf. (FE-1163) til klaks- og matfiskeldi á sæeyrum á Eyrarbakka og skráning Sæbýlis reksturs ehf. (FE-1188) til matfiskeldis á sæeyrum í Grindavík úr gildi.

Þá afhendir Matvælastofnun jafnframt útgefið starfsleyfi Umhverfisstofnunar. Rekstrarleyfið gildir til 29. mars 2038.

Neskaupstaður, 29. mars 2022